

# Lög

## um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum (borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila).

---

### 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Það er borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila að gegna störfum í þágu almanna-  
varna á hættustundu. Opinberum aðilum er heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar  
starfsskyldur og að flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að  
sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum  
við slíkar aðstæður. Þó er starfsmaður undanþeginn framangreindri skyldu sé heilsufari hans,  
eða annars einstaklings sem hann ber ábyrgð á, svo háttáð að öryggi hans og heilsu sé stefnt  
í sérstaka hættu með því að fela honum að gegna slíkum störfum.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. mars 2020.*